

EFTIRLITSSKÝRSLA

PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



Dags eftirlits	3.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	4500612-0140	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Ármann Sigurðsson	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlit með verksmiðju PCC til að taka út frágang vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar, en verksmiðjan stöðvaði framleiðslu í lok júlí sl. Gert er ráð fyrir að rekstrarstöðvunin sé tímabundin og framleiðsla muni hefjast að nýju á fyrri hluta næsta árs.

Tvö frávik kom fram frá starfsleyfi er varða magn ónýtanlegra aukaafurða á lóð fyrirtækisins og varðandi ráðstöfun kísilryks eftir óhapp fyrr í vor. Einnig var tveimur ábendingum komið á framfæri.

Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun vegna tveggja eldri frávika sem komu fram í reglubundnu eftirliti stofnunarinnar 6. júlí sl. sbr. bréf dags. 4. desember sl.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Frágangur vegna rekstrarstöðvunar sbr. áætlun
- Birgðastaða og geymsluaðferðir
 - Ráðstöfun hráefna
 - Ráðstöfun aukaafurða
 - Ráðstöfun úrgangs
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Önnur mál

Eftirlitið fór annars vegar fram á fjarfundi þar sem að farið var yfir gögn og annað. Þann 6. nóvember fór eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar í skoðunarferð.

Samþykkt áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar liggur fyrir en þar er fjallað um förgun og ráðstöfun úrgangs, geymslu efna, útbúnaðar og tækja, lokun húsnæðis og rekstrarsvæðis, ásamt tiltekt og frágangi m.a. á geymum, lögnum og menguðum jarðvegi.

Hver og ein deild sér um ráðstafanir varðandi búnað og tæki. Lagnateikningar af svæðinu voru sendar eftirtísaðila í kjölfar eftirlitsins. Eins og fram kemur í eldri eftirlitsskýrslum hefur verksmiðjan unnið að endurbótum á hreinsivirki útblásturs sem er langt á veg komið. Prófanir á búnaðinum og stillingar á kerfinu verða gerðar þegar starfsemin fer að stað að nýju. Mikið af hráefnum hafa verið seld til annarra verksmiðja. Timburkurl er geymt utandyra og standa vonir til þess að það geti áfram nýst sem hráefni þegar verksmiðjan fer í gang aftur. Rafskaut eru geymd í lokuðum gámum og inn í ofnhúsi og kalksteinn er geymdur utandyra. Um 13.000-15.000 tonn af kísilryki hefur verið flutt til Rotterdam til endurvinnslu. Almennum úrgangi er ráðstafað til Terra. Unnið hefur verið að því að koma aukaafurðum í sölu og úrgangi í endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun. Að mati rekstraraðila eru um 500 tonn eru á verksmiðjulóðinni af málmgjalli og um 500 m³ (áætlað um 600 tonna) efnishaugur sem samanstendur af uppsópi, kolum og kísilryki úr hreinsivirkjum útblásturs. Unnið er að því að sigta kísil úr efnishaugnum og koma honum í viðeigandi ráðstöfun. Þá eru þókar úr hreinsivirkjum geymdir utandyra og kísilryk (forskiljuryk) geymt í stórsekkjum á lóðinni.

Síðasta reglubundna eftirlit fór fram þann 6. júlí sl. en þá komu fram tvö frávik frá starfsleyfi varðandi losun ryks í útblæstri og mælingar á losun í útblæstri. Umhverfisstofnun hefur samþykkt úrbótaáætlun vegna þessara frávika með bréfi dags. 4. desember sl. Þá var einni ábendingu komið á framfæri varðandi geymslu efnis í sekkjum á lóðinni.

Lóð rekstraraðila var skoðuð. Töluvert er enn af kísilryki í gryfju á lóðinni. Mikið er af stórsekkjum á svæðinu og ekki alltaf ljóst hvað er í þeim hvort efnið telst úrgangur eða aukaafurð til sölu. Sumir stórsekkirnir eru farnir að rifna. Efnishaugar sem saman standa af uppsópi, kolasalla og kísilryki voru skoðaðir en efnið er í mörgum kornastærðum og hætt við foki af fínasta efninu. Við eftirlitið sást einnig að búið er búið er að sigta kísil úr hlut af efninu, huga þarf að foki frá þeirri vinnslu. Bretti með pokum af sementi standa úti og eru þókar varnir að rifna og efnið orðið hart og ónýtanlegt. Flokkun úrgangs á útisvæði var einnig skoðuð og töluvert blöndun var á milli úrgangsflokka í gámum

Grein 3.15

Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins.

Grein 3.17

Í síðasta eftirliti var fjallað um neyðarráðstöfun kísilryks í gryfju á lóð PCC. Í skoðunarferðinni var staðfest að hreinsun kísilryksins er ekki lokið. Varanleg geymsla eða urðun úrgangs er óheimil skv. starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

Í síðasta eftirliti og var óskað eftir nánari upplýsingum s.s. myndum af tímabundinni gryfju fyrir kísilyrk eftir óhapp sem kom upp í maí sl. Myndirnar voru sendar í kjölfar eftirlitsins nú.

Mikilvægt er að koma úrgangsefnum á lóð sem fyrst í viðunandi ráðstöfun. Eins er brýnt fyrir rekstraraðila að huga vel að fokvörnum og öðrum mengunarvörnum s.s. í jarðveg og vatn.

Þá var brýnt fyrir rekstraraðila að halda efnisstraumum aðskildum til að auka möguleika á að koma aukaafurðum í áframhaldandi notkun og úrgangi í endurnýtingu eða endurvinnslu.

ANNAÐ

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.01.2021



Halla Einarsdóttir

